



Verksvið sálfræðings við leikskóla Kópavogs

Hlutverk

Sálfræðingur sem starfar við leikskóla Kópavogs er hluti af skólaþjónustu sveitarfélagsins og sinnir allri almennri sálfræðivinnu við leikskóla bæjarins.

Skólaþjónustan mótast af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni leikskólabarna óháð því hver veitir þjónustuna. Sálfræðingur vinnur í nánu samstarfi við aðra sérfræðinga, starfsfólk leikskólanna og aðra þá sem koma að málefnum leikskólabarna.

Sálfræðingur leikskólanna sinnir greiningu og ráðgjöf vegna barna í leikskólum Kópavogs og gerir tillögur um úrbætur í samvinnu við starfsfólk leikskóla.

Stjórnun

Sálfræðingur við leikskóla Kópavogs starfar undir yfirstjórn sérkennslufulltrúa á leikskóladeild menntasviðs Kópavogs. Sálfræðingur vinnur greiningar- og ráðgjafarstarf úti í leikskólunum. Hann vinnur í nánu samstarfi við sérkennslustjóra í hverjum leikskóla sem og annað starfsfólk leikskólanna.

Starfsfyrirkomulag

Vinna sálfræðings fer fram samkvæmt beiðnum frá leikskólunum með samþykki foreldra. Sótt er um þjónustu sálfræðings á þar til gerðu eyðublaði.

Sálfræðingur bregst við áhyggjum af þroska, hegðun og líðan leikskólabarna með því að framkvæma greiningar og athuganir. Hann gerir tillögur um viðeigandi úrbætur í samræmi við niðurstöður þeirra og í samvinnu við starfsfólk leikskólans og foreldra. Auk þess tekur sálfræðingur þátt í þverfaglegum teymum sem mynduð eru varðandi einstök börn. Ef það er mat sálfræðings að leikskólabarn þurfi víðtækara úrræði eða nánari greiningu, skal hann vísa á slíkt.

Sálfræðingur skilar afriti af skýrslu með niðurstöðum athugunar á hverju barni til sérkennslufulltrúa, sérkennslustjóra og foreldra. Einnig fer afrit til Heilsugæslunnar að fengnu leyfi foreldra.

Sálfræðingur getur einnig annast fræðslu fyrir starfsfólk leikskóla og foreldra um málefni sem er á hans sérsviði.

Sálfræðingur fundar reglulega með sérkennslufulltrúa og öðrum aðilum skólaþjónustunnar og skilar yfirliti um störf sín að vori.